

2018

ÁRSSKÝRSLA



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.

10/18/2018

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2017 – 2018 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda 20. október 2017 og 18. október 2018 og einnig vegna aukaáðalfundar 27. júní 2018.

Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu 20. 10. 2017 - 27. 06. 2018 voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Anna Björg Níelsdóttir, varaformaður, Ari Thorarensen, Ásta Stefánsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

Varamenn: Einar Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Egilsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Í stjórn á tímabilinu 27. 06. - 18. 10. 2018 voru:

Aðalmenn: Jón G. Valgeirsson, formaður, Anton Kári Halldórsson, varaformaður, Rakel Sveinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson og Gísli Halldór Halldórsson.

Varamenn: Einar Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Helgi Sigurður Haraldsson og Álfheiður Eymarsdóttir.

Frá aðal- og aukaáðalfundi hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi auk fjölda funda í minni hópum.

Verkefni stjórnar

Úrvinnsla tillagna í úrgangsmálum á starfssvæði SOS

Á síðasta aðalfundi SOS voru kynntar 23 tillögur stjórnar SOS um úrgangsmál á Suðurlandi. Samið var við Stefán Gíslason umhverfisstjórnarfræðing hjá UMÍS ehf Environce um að vinna að ákveðnum verkefnum tengdum þessum tillögum en hann hefur verið ráðgjafi SOS vegna greiningarvinnu í úrgangsmálum.

Þau verkefni sem hann hefur unnið að og verið kynnt í stjórn og eftir atvikum fyrir aðildarsveitarfélögum eru eftirfarandi: Samskipti og gerð upplýsingarefnis til Landsambands sumarhúsafélaga, drög að nýjum samþykktum í úrgangsmálum fyrir aðildarsveitarfélög SOS, skoðað möguleika á jarðgerð í minni einingum, sbr. Stykkishólmsleiðina og máttun á því við starfsseminu á Strönd, greining á möguleikum minni brennsluofna vegna dýraleifa m.a. með tilliti til starfsemi á Strönd og síðan gerð spurningakönnunar meðal fyrirtækja á Suðurlandi um úrgangsmál í samstarfi við Atorku,

félags atvinnurekanda á Suðurlandi og SASS. Þá hefur hann unnið að samantekt upplýsinga um úrgangsmagn á svæðinu og komið að kynningarmálum vegna skoðunar á Nessandi sem urðunarstað. Nú hefur Stefán verið ráðinn sem ráðgjafi til að leita lausna vegna leitar að urðunarstað á Suðurlandi. Á aðalfundinum mun Stefán gera grein fyrir þeim verkefnum sem hann hefur komið að frá síðasta aðalfundi.

Viðræður við Sorpu bs. og SSH

Stjórn SOS og fulltrúar aðildarsveitarfélaga SOS hafa haldið áfram viðræðum eða samtali við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Sorpu bs. Eins og fram kom á síðasta aðalfundi hefur samtalið farið meira fram á vegum SSH og komið því í meiri pólitískan farveg. Umræðan hefur hverfst mikið um að SSH vill fá svör við því hvort Suðurland geti lagt til urðunarstað í þúkkið vegna samstarfs sorpsamlagana á Suðvesturhorninu. Mikil vinna hefur farið fram vegna þessara viðræðna þar sem aðalþúðrið hefur farið í að kanna möguleika á því að Nessandur í Sveitarfélaginu Ölfusi verði notaður í þessu skyni. Hafa bæði SSH og SOS lagt í mikla vinnu og kostnað til að afla gagna um Nessand í upplýsingarskyni fyrir Sveitarfélagið Ölfus til að taka ákvörðun um Nessand sem urðunarstað. Í haust var haldinn fundur með fulltrúum og framkæmdastjórum aðildarsveitarfélaga SSH og SOS þar sem farið var hreinskilningslega yfir málin en ljóst er að þungt hljóð er hjá SSH sem finnst málið ganga hægt.

Þessi óvissa hefur leitt til þess að aðildarsveitarfélögum SOS hefur aðeins staðið til boða að framlengja samning um móttöku úrgangs til eins mánaðar í senn og hefur móttökusamningur verið framlengt alls 10 sinnum frá síðasta aðalfundi. Síðasti samningur rann út þann 31. ágúst s.l. og hefur ekki verið framlengdur síðan. Nú stendur til boða nýr móttökusamningur til 2ja mánaða þó óvissa sé með forsendur hans.

Ljóst er því að mikil óvissa er um hvernig fyrirkomulagi á móttöku og meðhöndlun úrgangs verður háttað á starfssvæði SOS, bæði til skemmri og lengri tíma.

Samráðsnefnd sorpsamlagana á Suðvesturlandi og samráð samlagana.

Samráðsnefnd sorpsamlagana á Suðvesturlandi hefur haldið tvo fundi á tímabilinu sem fulltrúar SOS hafa setið. Vinna við endurskoðun á Svæðisáætlun fyrir Suðvesturland 2009-2020 er í fullri vinnslu og er það verkfræðistofan Mannvit sem heldur utan um verkefnið. Stefnt hefur verið á að þeirri vinnu ljúki á árinu 2018.

Á Suðvesturhorninu hefur verið ýmis gerjun í gangi um samstarf sorpsamlaganna fjögurra, þ.e. SOS, Sorpu, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. (Kölku) og Sorpurðun Vesturlands bs. Það eru enn viðræður um sameiningu milli Sorpu og Kölku. Þá undirituðu sorpsamlögin fjögur viljayfirlýsingu í apríl s.l. þar sem þau lýstu yfir vilja sínum til að reyna að sameinast um lausnir þannig að hver og einn leggi til það sem geti nýst öðrum. Var í því sambandi horft á svokallað „fjórthjól“ þar sem reynt var að greina möguleika hvers svæðis í því sambandi. Var í því sambandi horft í grófum dráttum til þess að Kalka legði til brennslu, Sorpa gas- og jarðgerðarstöð vegna lífræns úrgangs auk

fleiri úrræða, Vesturlandið urðunarstað í Fíflholti og Suðurland reyndi að finna urðunarstað auk þess að möguleikar Orkugerðarinnar, Seyrustaða á Flúðum, Strandar og aðstaða einkaaðila yrðu nýttar. Var þessi viljayfirlýsing send öllum aðildarsveitarfélögum SOS til kynningar ásamt upplýsingum um fjórhjólíð s.l. vor.

Viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um meðhöndlun úrgangs á Nessandi.

Mikil vinna hefur farið í greiningu á Nessandi sem mögulegum urðunarstað fyrir úrgang sem yrði þá án alls lífræns úrgangs auk þess að búið væri að taka allt út úr farveginum sem ekki væri hægt að endurvinna eða endurnýta. Var hugsunin sú að staðurinn yrði hluti af fjórhjólínu. Hefur bæði SSH og SOS komið að þeirri vinnu og var Verkfræðistofan EFLA m.a. fengin til ráðgjafar til að greina staðinn og möguleika hans, mögulegar mótvægisáðgerðir, rannsóknir á svæðinu sjálfu og einnig hefur verið lagt í vinnu við að gera sér betur grein fyrir hvaða úrgangsflokkar yrðu þarna urðaðir. Í þessu skyni hefur SOS, fulltrúar SSH og ráðgjafar fundað með Sveitarfélaginu Ölfuss.

SOS sendi Sveitarfélaginu Ölfus formlegt erindi í lok maí í kjölfar sveitarstjórnarkosninga erindi þar sem farið var fram á að Sveitarfélagið Ölfus tæki afstöðu til þessa verkefnis. Eftir frekari fundi og gagnaöflun hélt SOS íbúafund í Þorlákshöfn í ágúst s.l. þar sem farið var yfir samstarf sorpsamlagana og möguleg útfærsla á Nessandi sem urðunarstaðar var kynnt. Ljóst er að talsverð andstaða aðliggjandi landeiganda og íbúa er við að nýta Nessand í þessu skyni. Sveitarstjórn Ölfus hefur fjallað um málið á ýmsum stigum í sumar og á fundi í lok september komst meiri hluti sveitarstjórnar að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að réttlæta það að skoða frekar með Nessand sem mögulegan urðunarstað.

Ljóst er að þessi niðurstaða er talsverð vonbrigði þar sem lögð hefur verið mikil vinna í að greina og meta aðstæður og ekki liggur fyrir hvaða lausnir Suðurland getur boðið í þessu skyni.

Frágangur urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu

Í gildi er samningur við EFLU um mælingar og vöktun í Kirkjuferjuháleigu þannig að opinberum kröfum Umhverfisstofnunar vegna lokunarinnar sé sinnt. Hafa mælingar sýnt fram á að öll mengun frá svæðinu er langt innan allra marka og nú síðast sýna mælingar vegna metangasmyndunar fram á að hún er í lágmarki. Töluverðar framkvæmdir hafa farið fram á svæðinu á tímabilinu. Annars vegar er um að ræða frágang á gömlum námum og útrennsli út í Ölfusá til að koma á mótis við óskir aðliggjandi landeiganda og síðan frágang inn á svæðinu vegna ábendinga Umhverfisstofnunar. SOS hefur viðhaldið starfsleyfi svæðisins en áfram er óvissa um það hvernig landsvæðið verður nýtt. Sveitarfélagið Ölfus hefur verið spurt hvort komi til greina að skoða með að opna urðunarstað þar aftur en því hefur verið hafnað að þeirra hálfu. Það þarf að fara að skoða hvort ekki sé hægt að nýta svæðið til einhverrar notkunar og annarrar uppbyggingar enda býður svæðið upp á góða staðsetningu og möguleika til ýmissrar starfssemi.

Orkugerðin ehf.

SOS á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Reksturinn hefur borið þess merki að það er verið að vinna á fortíðarvanda verksmiðjunar, bæði vegna mönnunar og einnig þeirrar staðreyndar að móttaka á hráefni stendur illa undir viðhaldi og nauðsynlegum fjárfestingum. Í desember s.l. var því samþykkt að auka hlutfé félagsins til að bregðast við þessum aðstæðumog tók SOS þátt í því. Raunar gerðu það allir hluthafar félagsins nema KS sem eigandi Sláturhússins á Hellu og olli sú afstaða vonbrigðum Nú horfir betur við, búið er að fara í viðhaldsframkvæmdir, verið að skoða með nýtingu á fitu sem fellur til við framleiðsluna og fleira sem kann að auka möguleika verksmiðjunnar.

Samningar SOS og SASS

Samningar voru endurnýjaðir við SASS um að vinna við ákveðna þætti sem SOS þarf að halda utan um. Það samstarf hefur gengið vel og ljóst að meðan starfssemi SOS er með þeim hætti sem hún er í dag er slík vinna fyrir SOS nauðsynleg. Hefur þetta hjálpað stjórn SOS mikið í sinni vinnu en mikið álag hefur verið á stjórn SOS á tímabilinu vegna mjög svo viðamikilla verkefna sem upp hafa komið. Hins vegar kann að vera að það þurfi að endurskoða þessa samninga, sérstaklega ef vinna SASS minnkar vegna gjaldskrárbreytinga og einnig vegna vinnu verktaka við að halda utan um úrgangsmagn á starfssvæði SOS. Ekki stendur til að óbreyttu að SOS ráði fastan starfsmann eða verktaka til félagsins en það kann að breytast ef verkefnin aukast.

Lokaorð

Ljóst er að úrgangsmálin eru að verða sífellt fyrirferðarmeiri hjá sveitarfélögunum og aðgerða er þörf m.a. vegna markmiða Svæðisáætlunar um lífrænan úrgang o.fl. Magn úrgangs til meðhöndlunar hefur aukist verulega síðustu þrjú ár og virðist þessi aukning halda áfram en hún var um 20% á milli árána 2016 og 2017. Krafa íbúa er um aukna flokkun og hafa sveitarfélög verið að bregðast við þeim óskum með mismunandi hætti. Síðan má ekki gleyma þætti fyrirtækja, ferðamanna og sumarhúsaferfa sem losa mun meiri úrgang en íbúar svæðisins. Ljóst er að þeir aðilar verða líka að taka þátt í þessari vegferð flokkunnar og úrgangsstjórnunar en gaman er að sjá að skv. niðurstöðu fyrirtækjakönnunarinnar er mikill áhugi á því. Það virðast flest rök hníga til þess að sorpsamlögin á Suðvesturhorninu eigi að vinna saman að þessu risastóra úrlausnarefni og nýta þau úrræði sem svæðin geta boðið upp á. Við höfum verið upptekin við að reyna að finna hentugan urðunarstað á Suðurlandi en það hefur gengið á ýmsu. Ljóst er samt að líta verður á það verkefni sem tækifæri fyrir svæðið og viðkomandi sveitarfélög ef rétt er haldið á spöðunum og hentug staðsetning finnst og er sú vinna hafin Á hinn bóginn erum við í vondri stöðu varðandi móttöku á úrgangi og ef lokað verður á aðildarsveitarfélög SOS þarf að huga að öðrum leiðum til að við getum mögulega verið sem mest sjálfbær á svæðinu.

Staðan er því sú að fjölmörg verkefni bíða nýrrar stjórnar sem þarf að finna lausnir á.